

MORGUNBLAÐIÐ

72 SÍÐUR

STOFNAÐ 1913

LAUGARDAGUR 2. JÚLÍ 1994


PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINN

GUÐMUNDUR KARL SÝNIR OLÍU- OG VATNSLITAVEK Í HAFNARBORG

ÉG ER nú ekki svo grænn að negla niður eina og ákveðna filósófiu í myndunum mínum. Þær eru margs konar og misjafnt hvað dregið er fram. Landslag verður ekki eins og það er heldur eins og ég mála það og maður á portretti á sér fleiri hliðar en þar sjást. Ég reyni að lýsa karakter, kannski með því að sýna einhverja athöfn eða undirstrika þátt í fari hans. Þetta er óneitanlega intressant." Landslag og fólk, allt saman íslenskt, er einmitt á sýningu Guðmundar Karls Ásbjörns-sonar listmálara sem opnuð verður í Hafnarborg í dag. Hún er viðamikil með 63 myndum og stendur til 18. júlí.

Meirihluti mynda á sýningunni eru af landinu; frá Jökuls-árlóni á Breiðamerkursandi og frá Þingvöllum svo dæmi séu tekin. Þrettán mannamyndir eru þar líka, „flestar af körlum," segir málarinn, „og tvær berar skvísur til að lifga uppá. Svona eru líka hlutföllin gjarna, karlar á portrettum, konur á nektarstúdíum, mér er sem ég sæi karlagreyin ef farið væri fram á að þeir sætu fyrir naktir."

Guðmundur Karl segist gef-



GUÐMUNDUR Karl framan við fjallasýn frá Almannagjá.

Land, fólk og fantasíur

inn fyrir sterka liti í jafnvægi hver við annan. Mótv hans eru af ýmsum toga, fjöll og fólk og ekki hægt að fá hann til að kenna sig við eitt frekar en annað. „Allt gengur þetta í períóðum," segir hann, „oft fæst ég líka við ýmislegt í einu. Myndirnar á þessari sýningu eru frá síðustu tveim til þrem árum og gefa þó ekki allsherjarsýn yfir verkin mín. Ég mála til dæmis fantasíur og þær eiga ekki fulltrúa hér, draumkenndar myndir sem hver túlkar fyrir sig.

Guðmundur Karl býr ýmist í Þýskalandi eða á Íslandi og hefur þessa dagana myndir á samsýningu í Markgreifalandi. Myndlistarnám stundaði hann í Reykjavík, Flórens og Barcelona. Hann hélt fyrst einkasýningu á Íslandi árið 1965 og hefur margoft sýnt einn síðan, bæði hér og í Þýskalandi. Þar hefur hann haldið sex sýningar síðustu fjögur ár, oft í boði viðkomandi borgar. „Þegar ég sýndi í Bremerhaven seldist ágætlega og ekki var verra að vita af ryðguðum togurum úr Reykjavíkurhöfn í Þinghúsinu í Bonn. Þeir hljóta að taka sig vel út."

P.P.